



Fundargerð 416 fundar í ÞVN 5.maí 2015

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12, þriðjudaginn 5.maí 2015 kl. 11.30. Fundinn sátu Sigrún Magnúsdóttir formaður, Haraldur Einarsson, Oddný G. Harðardóttir, Birgir Ármannsson, Svandís Svavarsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Róbert Marshall. Fundinn sátu einnig Lilja Jónsdóttir frá Lex, Guðrún Kristinsdóttir yfirlandvörður, Árni Geirsson, Alta, Einar Á.E. Sæmundsen fræðslufulltrúi Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hildur Hafsteinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði;

1. Endurskoðun stefnumótunar – framhald á kynningu fyrir nefndinni. Farið yfir skýrsludrög sem nefndarmenn höfðu fengið sent uppkast af.
2. Gjald á bílastæðum.
Fulltrúi VG og Samfylkingarinnar í Þingvallanefnd bóka eftirfarandi;
Þar sem enn liggur ekki fyrir heildarstefnumörkun um fjáröflun til uppbyggingar á ferðamannastöðum, á friðlýstum svæðum og í þjóðgördum umfram það sem fram kemur í lögum um gistináttagjald og framkvæmdasjóð ferðamannastaða greiðum við atkvæði gegn tillögu um gestagjöld á Þingvelli. Með þessari ákvörðun er verið að skapa fordæmi sem er ekki ráðlegt meðan stefnumörkun er ekki lokið og engin heildstæð afstaða liggur fyrir um gjaldtöku og tekjuöflun á ofangreindum svæðum. Fulltrúi VG og Samfylkingarinnar í Þingvallanefnd telja að ákvörðunin sé ekki tímabær og brýnt sé að fyrir liggji heildarsýn áður en slík skref verða tekin.

Bókun formanns þingvallanefndar;

Á fundi Þingvallanefndar 24. mars s.l. var samþykkt tillaga þjóðgarðsvarðar um að taka upp gjald fyrir bílastæði og þjónustu á Þingvöllum en jafnframt var fallið frá innheimtu á gjaldi fyrir aðgang að salernishúsum á Hakinu.

Fyrir þessum fundi þingvallanefndar liggur eingöngu að taka ákvörðun um flokka varðandi gjaldtöku á bifreiðar. Slík ákvörðun hefur ekkert með heildarstefnumótun fjáröflunar til uppbyggingar á ferðamannastöðum að gera.

3. Önnur mál
Ekkert gert undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00